

NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA

Aðalstræti 12
415 Bolungarvík
nave@nave.is

# Fornleifaskráning

*Fornleifaskráning í landi Tungu í Rangárþingi ytra vegna fyrirhugaðrar Tunguvirkjunar*

Atli Rúnarsson

Október 2025

NV nr. 32-25

| | | |
|---|---|---|
| NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA | | **Dagsetning Mán/ár:**<br>Október 2025 |
| **Skýrsla nr:**<br>32-25 | **Verknúmer:**<br>692 | **Dreifing:**<br>☐ **Opin**<br>☐ **Lokuð til:**<br>☒ **Háð leyfi verkkaupa** |
| **Upplag:** | **Verkstig:**<br>Lokaskýrsla | |
| **Heiti skýrslu:**<br>Fornleifaskráning í landi Tungu vegna fyrirhugaðrar Tunguvirkjunar | | **Unnið fyrir:**<br>Afl og Orka ehf. |
| **Höfundur:**<br>Atli Rúnarsson | | **Verkefnastjóri:**<br>Kristín Sylvía Ragnarsdóttir |

**Útdráttur**

Afl og Orka ehf áformar að reisa allt að 3 MW virkjun í Keldnalæk í landi Keldna á Rangárvöllum, sem nefnd hefur verið Tunguvirkjun. Vegna þessa gerði fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða fornleifaskráningu á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.

Innan áhrifasvæðis framkvæmdanna voru skráðar 38 minjar og er þar t.d. að finna bæjarstæði Tungu, hjáleigu frá Keldum, sem var í byggð frá 1611 – 1876. Á svæðinu er því að finna töluvert af landbúnaðarminjum frá Tungu sem og frá Keldum. Einnig umfangsmikið kerfi áveitumannvirkja sem hafa verið aldursgreind til 10. – 12. aldar.

Framkvæmdirnar munu hafa mikil áhrif á minjar á svæðinu. Til stendur að leggja pípu þvert yfir bæjarstæði Tungu og setur það minjarnar í mikla hættu. Eins mun hún liggja yfir hluta af áveitumannvirkjunum. Eins mun nýr vegur liggja í gegnum bæjarstæði Tungu, upp við minjar sem tengjast landbúnaði frá Keldum og yfir áveitumannvirkin og teljast þær því í hættu vegna þess.

Af þeim 38 minjum sem voru skráðar þá teljast 21 þeirra í hættu vegna framkvæmda við virkjunina og 9 þeirra í hættu vegna vegagerðar. Er það mat skýrsluhöfundar að ráðast þurfi í mótvægisaðgerðir vegna framkvæmdanna en þar hefur Minjastofnun Íslands ákvörðunarvald yfir því hvort þess verður krafist og hverjar þær aðgerðir yrðu.

| | |
|---|---|
| **Undirskrift verkefnastjóra:**<br>K. Ragnarsd. | **Yfirfarið af:**<br>KSR |

# EFNISYFIRLIT

1. Inngangur ..... 4
2. Aðferðafræði ..... 4
2.1 Tilgangur fornleifaskráningar ..... 4
2.2 Skráning fornleifa ..... 5
3. Framkvæmdarsvæðið ..... 5
3.1 Saga Keldna ..... 6
3.2 Saga Tungu ..... 7
4. Fornleifaskrá ..... 9
5. Niðurstöður ..... 47
6. Heimildaskrá ..... 48
7. Kort ..... 49

# 1. INNGANGUR

Að beiðni Afls og Orku gerði fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða fornleifaskráningu í landi Tungu í Rangárvöllum ytri, sem var hjáleiga frá Keldum, vegna fyrirhugaðrar Tunguvirkjunar.




*Mynd 1. Staðsetning skráningarsvæðisins er merkt með gulri stjörnu.*

Minjar á svæðinu voru skráðar árið 2010 af Fornleifastofnun Íslands en sú skráning er barn síns tíma og fór Minjastofnun Íslands fram á að svæðið yrði endurskráð.[1] Auk þess var sú skráning aðalskráning fornleifa og eru gerðar aðrar kröfur til þess háttar skráninga en til skráninga vegna framkvæmda og deiliskipulaga.

Rannsóknir hafa verið gerðar á fornum áveitumannvirkjum á svæðinu og eru tvær skýrslur væntanlegar vegna þeirra.[2]

Svæðið var gengið og minjar mældar upp. Vettvangsvinna fór fram þann 5. júní 2025 og var unnin af Atla Rúnarssyni og Kristínu Sylvíu Ragnarsdóttir, fornleifafræðingum hjá Náttúrustofu Vestfjarða. Atli Rúnarsson sá um skýrslu- og kortagerð.

# 2. AÐFERÐAFRÆÐI

Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir fyrst og fremst á fornleifaskráningu á vettvangi en að auki var farið yfir helstu heimildir um jarðirnar, s.s. örnefnaskrár, túnakort, jarðabækur og annað sem getur gefið vísbendingar um fornminjar, en auk þess studdst við fyrrgreindar skráningar. Allir minjastaðir voru skráðir og teknir staðsetningarpunktar á hverjum stað með Trimble Juno 5 uppmælitæki. Minjastöðum var lýst og ljósmyndir teknar, en of hvasst var til þess að nota dróna.

## 2.1 Tilgangur fornleifaskráningar

Í lögum um menningarminjar nr. 80 29. júní 2012 segir að lögin eigi að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögin að auðvelda aðgang að minjunum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin skipulagsgerð skv. lögunum, en í 16. gr. segir:

> Skylt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.

Í 3. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

> Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:
>
> búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar

[1] Sjá: Ágústa Edwald, Jakob Orri Jónsson, Kristborg Þórsdóttir og Ragnheiður Gló Gylfadóttir, 2010.
[2] Sjá: Árni Einarsson, ofl., 2025 & Stefán Ólafsson og Guðrún Alda Gísladóttir, 2025.

> kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum, vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, skipsflök eða hlutar þeirra.
>
> Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Í 21. grein laga um menningarminjar segir:

> fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaaðilum að gera Minjavernd ríkisins viðvart ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar (sjá 12.gr.).

> Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands (24 gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausu. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókna eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

### 2.2 Skráning fornleifa

Verkefnanúmeri er úthlutað af Minjastofnun Íslands og svæðið hefur verið merkt inn á vefsjá Minjastofnunar og skýrsla skráð þar sem og minjar sem mældar voru upp. Verkefnið fékk númerið 3444 og þar á eftir eru hlaupandanúmer rannsóknarinnar, dæmi: *3444-001.*

## 3. FRAMKVÆMDARSVÆÐIÐ

Skráningarsvæðið byrjar þar sem vegslóði liggur í SA frá Rangárvallavegi yfir Uppheiði og svo meðfram Keldnalæk þar til komið er að svæði sem heitir Tunguheiði. Þaðan liggur svæðið til suðurs að svonefndum Króki, þar sem Keldnalækur rennur í Eystri-Rangá. Þaðan liggur það svo

til vesturs yfir bæjarstæði Tungu og endar hjá Tungufossi. Samtals er skráningarsvæðið um 91ha.




*Mynd 2. Yfirlitskort af skráningarsvæðinu.*

### 3.1 Saga Keldna

Minnst var á Keldur í Brennu-Njáls sögu og var þar sagt frá Ingjaldi Höskuldssyni sem var þá bóndi á Keldum í kringum árið 1000.[3] Eins er minnst á Keldur í Sturlungu þar sem Teitur Hauksson, prestur, bjó að Keldum og flutti síðan að Gunnarsholti um 1186.[4] Í kringum 1190 var sagt að Jón Loftsson hafi látið smíða kirkju og klausturhús fyrir norðan Læk að Keldum og ætlaði hann sjálfur að ganga í það en þar sem engir menn fengust ráðnir. Skömmu seinna fékk Jón sótt og að honum látnum, skiptu synir hans kirkjunni og húsunum sem föðurarfi sínum.[5]

Eins var minnst á kirkjuna á Keldum í ýmsum máldögum í gegnum aldirnar og var meðal annars minnst á hana í kirknaskrá Páls biskups frá 1332[6] og í máldögum frá 1367[7] og 1371.[8]

Árið 1548 var sagt frá fjörumörkum Keldnakirkju og var þar sagt að kirkjan ætti 6 hundruði faðma fjöru og væru 3 hundruðir fyrir Krossi og 3 hundruðir fyrir Hallgeirsey.[9]

[3] Brennu-Njáls saga, bls. 31.
[4] Örnólfur Thorsson, 1988, bls. 161.
[5] Biskupasögur I, 1858, bls. 293.
[6] Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 7. bindi, 1947-1950, bls. 7.
[7] Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 2. bindi, 1947-1950, bls. 693.
[8] Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 3. bindi, 1947-1950, bls. 264-265.
[9] Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 11. bindi, 1947-1950, bls. 630.

Í Rangvellingabók segir um Keldur: „*Heimildir um elstu byggð á Keldum er að finna í Njálssögu þar sem sagt er frá Ingjaldi Höskuldssyni er þar bjó fyrir og eftir 1000, en elsta samtímaheimild sem getur bæjarins er kirknaskrá Páls biskups Jónssonar frá því um 1200 og litlu yngri eru Oddverjaþáttur í Biskupasögum og Guðmundarsaga dýra í Sturlungu* […] *Árið 1332 var kirkjan á Keldum orðin eigandi að fjórðungi heimalands. Líkur benda til þess að Óli Svarhöfðason prestur í Odda hafi átt Keldur á síðari hluta 14. aldar og má vera að hann hafi verið niðji Hálfdánar Sæmundssonar og jörðin gengið í erfiðir. Fyrir 30. maí 1434 hefur Oddur Þórðarson, leppur lögmaður á Ósi í Bolungarvík eignast Keldur því þann dag á Mýrum í Dýrafirði gaf hann dóttursyni sínum Skúla Loftssyni „jörðina Keldur er stendur í króki millum Rangá.“ Eiríkur Þorsteinsson sem bjó á Keldum langan aldur hefur vafalaust átt jörðina og dóttir hans Steinunn erft hana því 1. ágúst 1546 seldi maður Steinunnar Þorleifur Pálsson lögmaður á Skarði á Skarðsströnd Birni syni sínum Keldur með samþykki konu sinnar. Sonur Björns, Eiríkur á Keldum, hefur síðan eignast jörðina og við skipti eftir hann 11. sept 1614 kom hún í hlut sonar hans Torfa á Keldum. Guðmundur á Keldum, sonur Torfa átti jörðina, er hann lést og við skipti eftir hann 3. júní 1670 erfði hana sonur hans Jón á Keldum. Jón átti Keldur til æviloka 1681 en þá erfði Torfi bróðir hans jörðina. Torfi lést árið 1700 en að honum látnum giftist ekkja hans Kristín Jónsdóttir Sigurði Sigurðssyni í Eyjum í Kjós og var hann eigandi Keldna 1711.*“[10]

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, sem gerð var fyrir svæðið árið 1709, var sagt að á Keldum væri alkirkja og var messað þar annan hvern helgidag á móts við Gunnarsholt. Jarðardýrleiki til forna var talinn lx hundruðir, síðar xl hundruðir og þegar jarðabókin var skrifuð var hann xx hundruðir. Landskuldin var i hundruðir og tók presturinn þar af xl álnir í laun fyrir prestþjónustu en lxxx álnir féllu niður fyrir kostnað og ómak sem hann lét af hendi fyrir landskrifarann. Leigukúgildin voru fjögur og voru þær uppbornar í prestskaup og ekki borgaðar út. Engar kvaðir voru á jörðinni og átti jörðin afrétt ut supra. Torfrista og stunga var sögð ónýt til húsa og heyja og varð með erfiðismunum og kostnaði langt að sækja.[11] Tvær hjáleigur voru frá Keldum, Krókstún og Tunga.[12]

Í jarðatali Johnsen frá 1847 var sagt að Keldur væru í bænda eign, dýrleikinn var 20 hundruðir, landskuldin 2,0, kúgildin 8 og ábúendur voru 1 eigandi að ¾ af jörðinni.[13]

## 3.2 Saga Tungu

Tunga var syðsti bærinn í Keldnalandi og var hjáleiga frá Keldum. Tunga byggðist fyrst árið 1611 en var farin í eyði 1876 vegna sandágangs heimajarðar.[14] Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, sem gerð var fyrir svæðið árið 1709, var sagt að Tunga væri hjáleiga frá Keldum og var byggð fyrir meira en hundrað árum. Landskuld Tungu væri lx álnir sem greiddist í fríðu og öðrum gildum landsaurum, landskuldin hafði þó áður verið lxxx álnir en var minnkuð vegna stórskemmda á túni og högum vegna grasmaðks. Leigukúgildin voru tvö og voru greidd í smjöri að Langholti í Flóa. Engar kvaðir voru á jörðinni og höfðu ekki verið greiddar síðan grasmaðkurinn lét á sér kræla. Á heyjum gat fóðrast tvær kýr.[15]

[10] Valgeir Sigurðsson, 1982, bls. 199.
[11] Árni Magnússon & Páll Vídalín, 1913-1917, bls. 238-239.
[12] Árni Magnússon & Páll Vídalín, 1913-1917, bls. 239-240.
[13] J. Johnsen, 1847, bls. 36.
[14] Helga Skúladóttir, 1939, bls. 135.
[15] Árni Magnússon & Páll Vídalín, 1913-1917, bls. 240.

Í jarðatali Johnsen frá 1847 var Tunga skráð sem hjáleiga frá Keldum, dýrleikinn var 10 hundruðir, landskuldin 0,50, kúgildin tvö og ábúendur voru 1 leigjandi.[16]

Ekki er til túnakort af Tungu.

Árið 2012 fannst ljóskola við Svörtuloft skammt sunnan við Tungufoss. Þórður Tómasson þóttist sjá uppblásnar leifar bæjarhúsa sem voru við það að brotna niður í ána og taldi víst að þar væri fundið áður óþekkt bæjarstæði.[17]

Árið 2023 tók Fornleifastofnun Íslands ses. könnunarskurði í tvær minjar sem taldar eru vera hluti af fornum áveitumannvirkjum á svæðinu. Skurðirnir voru teknir í minjar [3444-032] og [3444-033] og kom í ljós að báðar minjarnar höfðu að öllum líkindum fallið úr notkun fyrir miðja 12. öld og eru því töluvert eldri en eiginleg búseta á Tungu.[18]

[16] J. Johnsen, 1847, bls. 36.
[17] Þórður Tómasson, 2013, bls. 152-153.
[18] Stefán Ólafsson og Guðrún Alda Gísladóttir, 2025, bls. 26-28.

## 4. FORNLEIFASKRÁ

| *Almennar upplýsingar* | | | |
|---|---|---|---|
| **Sýsla** | **Sveitarfélag** | **Heiti jarðar** | **Heiti jarðar 1847** |
| Rangárvallasýsla | Rangárþing ytra | Keldur | Keldur |

| *Upplýsingar um skráningu* | | | |
|---|---|---|---|
| **Skrásetjari** | **Dagsetning** | **Austur hnit ISN93** | **Norður hnit ISN93** |
| AR & KSR | 5.6.2025 | 446383 | 367918 |

| *Upplýsingar um minjar* | | | |
|---|---|---|---|
| ***Sérheiti*** | **Tegund** | **Hlutverk** | **Minjaheild** |
| Vírréttin | Hleðsla | Rétt | Landbúnaðarminjar |

| | |
|---|---|
| **Auðkenni** | **Tímabil** |
| 3444-001 | 1550-1900 |
| **Vegghæð** | **Veggjaþykkt** |
| 0,1 – 0,3 m | 1,2 m |
| **Ástand** | **Friðlýst** |
| Vel greinanlegar | Nei |
| **Horfin** | ***Hætta tilefni*** |
| Nei | **Vegna vegagerðar** |
| **Hætta viðvarandi** | **Hættuorsök** |
| Engin hætta | |

***Ljósmynd / teikning***




*Mynd 3. Uppmæling af Vírrétt [3444-001].*

***Lýsing***

Í grein Helgu Skúladóttur frá 1939 segir: „Varnargirðing liggur þvert yfir heiðina, frá Gamla Steinboga og austur að læk, í Vörðuhólinn; vestan í honum stendur Vírhúsið (ærhús) og skammt vestar Vírrjettin"

Í skýrslu FSÍ frá 2010 segir: „Hólf I er vestar, er 33 x 23 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Inngangur er í norðausturhorni en annar inngangur er 3 m fyrir norðan hinn fyrri úr hólfi II. Veggirnir eru 0,8 m á hæð og alveg grónir af mosa. Hvergi sést í grjót eða hleðslur. Náttúrulegur hóll er innan réttarinnar um 4 m til norðvesturs frá hólfi II. Úr austurhlið hólfsins liggur 13 m löng hleðsla sem gerir eiginlega þriðja hólfið. Þetta er mögulega gerðið sem talað er um í örnefnalýsingu." Þessi lýsing stendur enn.

***Ljósmynd / teikning***



*Mynd 4. Horft í NV yfir Vírrétt [3444-001].*

***Umhverfi / staðhættir***

Um 1 km sunnan við Rangárvallaveg, við vegslóða sem liggur að Tungu.

***Athugasemd***

***Heimildir***

Helga Skúladóttir, 1939, bls. 133-134.
Ágústa Edwald, Jakob Orri Jónsson, Kristborg Þórsdóttir & Ragnheiður Gló Gylfadóttir, 2010, bls. 68-69.

**Almennar upplýsingar**

| Sýsla | Sveitarfélag | Heiti jarðar | Heiti jarðar 1847 |
|---|---|---|---|
| Rangárvallasýsla | Rangárþing ytra | Keldur | Keldur |

**Upplýsingar um skráningu**

| Skrásetjari | Dagsetning | Austur hnit ISN93 | Norður hnit ISN93 |
|---|---|---|---|
| AR & KSR | 5.6.2025 | 446394 | 367940 |

**Upplýsingar um minjar**

| *Sérheiti* | Tegund | Hlutverk | Minjaheild |
|---|---|---|---|
| Vírréttin | Hleðsla | Rétt | Landbúnaðarminjar |

| Auðkenni | Tímabil |
|---|---|
| 3444-002 | 1550-1900 |
| **Vegghæð** | **Veggjaþykkt** |
| 1 m | 1 m |
| **Ástand** | **Friðlýst** |
| Vel greinanlegar | Nei |
| **Horfin** | ***Hætta tilefni*** |
| Nei | Vegna vegagerðar |
| **Hætta viðvarandi** | **Hættuorsök** |
| Engin hætta | |

*Ljósmynd / teikning*




*Mynd 5. Uppmæling á Vírrétt [3444-002].*

*Lýsing*

Í grein Helgu Skúladóttur frá 1939 segir: „Varnargirðing liggur þvert yfir heiðina, frá Gamla Steinboga og austur að læk, í Vörðuhólinn; vestan í honum stendur Vírhúsið (ærhús) og skammt vestar Vírrjettin“

Í skýrslu FSÍ frá 2010 segir: „Hólf II er 13 x 7 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Veggirnir eru 1 m á hæð og sjást þrjú umför af grjóti í þeim. Inngangur er í norðausturhorni inn í hólf I. Annar inngangur er er í norðvesturhorni. Girðing hefur verið meðfram veggjunum innan í hólfinu og verið hærri en þeir. Leifar af gaddavír sjást ennþá inni í hólfinu.” Þessi lýsing stendur enn.

*Ljósmynd / teikning*



*Mynd 6. Horft NV yfir Vírrétt [3444-002].*

*Umhverfi / staðhættir*

Um 1 km sunnan við Rangárvallaveg, við vegslóða sem liggur að Tungu.

*Athugasemd*

*Heimildir*

Helga Skúladóttir, 1939, bls. 133-134.
Ágústa Edwald, Jakob Orri Jónsson, Kristborg Þórsdóttir & Ragnheiður Gló Gylfadóttir, 2010, bls. 68-69.

| *Almennar upplýsingar* | | | |
|---|---|---|---|
| **Sýsla** | **Sveitarfélag** | **Heiti jarðar** | **Heiti jarðar 1847** |
| Rangárvallasýsla | Rangárþing ytra | Keldur | Keldur |

| *Upplýsingar um skráningu* | | | |
|---|---|---|---|
| **Skrásetjari** | **Dagsetning** | **Austur hnit ISN93** | **Norður hnit ISN93** |
| AR & KSR | 5.6.2025 | 446344 | 367958 |

| *Upplýsingar um minjar* | | | |
|---|---|---|---|
| ***Sérheiti*** | **Tegund** | **Hlutverk** | **Minjaheild** |
| Vírréttin | Garðlag | Vörslugarður | Landbúnaðarminjar |

| **Auðkenni** | **Tímabil** |
|---|---|
| 3444-003 | 1550-1900 |
| **Vegghæð** | **Veggjaþykkt** |
| 0 – 0,4 m | 0,3 m |
| **Ástand** | **Friðlýst** |
| Vel greinanlegar | Nei |
| **Horfin** | ***Hætta tilefni*** |
| Nei | **Vegna vegagerðar** |
| **Hætta viðvarandi** | **Hættuorsök** |
| Engin hætta | |

***Ljósmynd / teikning***




*Mynd 7. Uppmæling af vörslugarði [3444-003].*

***Lýsing***

Vörslugarður sem liggur í vestur frá Vírréttinni [3444-001] í rúma 370 m. Garðlagið erum 0,4 m hátt og að jafnaði um 0,3 m þykkt.
Í skýrslu FSÍ frá 2010 segir: „Garðlagið hlykkjast frá austri til vesturs frá Stokkalæk að Keldnalæk. Hann liggur yfir Tunguheiði og afmarkar hana. Garðlagið er um 500 m langt og 0,4 m á hæð. Garðlagið er gert úr tvöfaldri steinaröð en ekki sjást skýr umför. Það er 0,3 m á breidd og alveg gróið."

***Ljósmynd / teikning***



*Mynd 8. Horft SA eftir garðlagi [3444-003].*

***Umhverfi / staðhættir***

Um 1 km sunnan við Rangárvallaveg, við vegslóða sem liggur að Tungu.

***Athugasemd***

Garðlag [3444-003] og garðlag [3444-004] er það sama en hefur verið rofið af vegslóða sem liggur að Tungu.

***Heimildir***

Helga Skúladóttir, 1939, bls. 133-134.
Ágústa Edwald, Jakob Orri Jónsson, Kristborg Þórsdóttir & Ragnheiður Gló Gylfadóttir, 2010, bls. 68-69.

| Almennar upplýsingar | | | |
|---|---|---|---|
| **Sýsla** | **Sveitarfélag** | **Heiti jarðar** | **Heiti jarðar 1847** |
| Rangárvallasýsla | Rangárþing ytra | Keldur | Keldur |
| *Upplýsingar um skráningu* | | | |
| **Skrásetjari** | **Dagsetning** | **Austur hnit ISN93** | **Norður hnit ISN93** |
| AR & KSR | 5.6.2025 | 446431 | 367922 |
| *Upplýsingar um minjar* | | | |
| ***Sérheiti*** | **Tegund** | **Hlutverk** | **Minjaheild** |
| Vírréttin | Garðlag | Vörslugarður | Landbúnaðarminjar |

| **Auðkenni** | **Tímabil** |
|---|---|
| 3444-004 | 1550-1900 |
| **Vegghæð** | **Veggjaþykkt** |
| 0,4 m | 0,3 m |
| **Ástand** | **Friðlýst** |
| Vel greinanlegar | Nei |
| **Horfin** | ***Hætta tilefni*** |
| Nei | Vegna vegagerðar |
| **Hætta viðvarandi** | **Hættuorsök** |
| Engin hætta | |

*Ljósmynd / teikning*




*Mynd 9. Uppmæling af vörslugarði [3444-004].*

*Lýsing*

Vörslugarður sem gengur í SA frá Vírréttinni [3444-001]. Garðurinn er rofinn á köflum, grjóthlaðinn og grasivaxinn og um 100m langur. Garðlagið er allt að 0.4m hátt og að jafnaði um 0.3m þykkt.
Í skýrslu FSÍ frá 2010 segir: „Garðlagið hlykkjast frá austri til vesturs frá Stokkalæk að Keldnalæk. Hann liggur yfir Tunguheiði og afmarkar hana. Garðlagið er um 500 m langt og 0,4 m á hæð. Garðlagið er gert úr tvöfaldri steinaröð en ekki sjást skýr umför. Það er 0,3 m á breidd og alveg gróið.“

*Ljósmynd / teikning*



*Mynd 10. Horft SA eftir garðlagi [3444-004].*

*Umhverfi / staðhættir*

Um 1 km sunnan við Rangárvallaveg, við vegslóða sem liggur að Tungu.

*Athugasemd*

Garðlag [3444-003] og garðlag [3444-004] er það sama en hefur verið rofið af vegslóða sem liggur að Tungu.

*Heimildir*

Helga Skúladóttir, 1939, bls. 133-134.
Ágústa Edwald, Jakob Orri Jónsson, Kristborg Þórsdóttir & Ragnheiður Gló Gylfadóttir, 2010, bls. 68-69.

*Almennar upplýsingar*

| Sýsla | Sveitarfélag | Heiti jarðar | Heiti jarðar 1847 |
|---|---|---|---|
| Rangárvallasýsla | Rangárþing ytra | Keldur | Tunga |

*Upplýsingar um skráningu*

| Skrásetjari | Dagsetning | Austur hnit ISN93 | Norður hnit ISN93 |
|---|---|---|---|
| AR & KSR | 5.6.2025 | 446466 | 367885 |

*Upplýsingar um minjar*

| *Sérheiti* | Tegund | Hlutverk | Minjaheild |
|---|---|---|---|
| Vírhús | Tóft | Fjárhús | Landbúnaðarminjar |

| Auðkenni | Tímabil |
|---|---|
| 3444-005 | 1550-1900 |

| Vegghæð | Veggjaþykkt |
|---|---|
| 0,8 – 2 m | 1 m |

| Ástand | Friðlýst |
|---|---|
| Vel greinanlegar | Nei |

| Horfin | *Hætta tilefni* |
|---|---|
| Nei | Engin hætta |

| Hætta viðvarandi | Hættuorsök |
|---|---|
| Engin hætta | |

*Ljósmynd / teikning*




*Mynd 11. Uppmæling af Vírhúsi [3444-005].*

*Lýsing*

Fjárhús úr torfi og grjóti með áfastri hlöðu.
Í skýrslu FSÍ frá 2010 segir: „Fjárhúsið er í gróinni heiði með náttúrulegum hólum og lægðum. Tóftin er 10x7m og snýr austur-vestur og er tvískipt. Hólf I er vestar, er 6x7 m að innanmáli og inngangur á miðri vesturhlið. Jata liggur eftir gólfinu endilöngu. Veggirnir eru 0,8 m á hæð og fimm umför af grjóti sjást í þeim. Bárujárn og torf hefur verið í þaki og það hrunið inn í tóftina. Hólf II er austan við hólf I, er 7x3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Þetta hefur líklega verið hlaða þar sem það er niðurgrafið. Grunnflöturinn er 0,6 m lægri en í hólfi A [hólf I]. Veggirnir eru 2 m á hæð og sjást átta umför af grjóti í þeim. Tóftin er byggð inn í hól sem myndar austurvegg í hólfi B [hólf II]. Líklega hefur verið innangengt á milli hólfa þó ekki sé það skýrt.“ Þessi lýsing stendur enn.

*Ljósmynd / teikning*



*Mynd 12. Horft í SA yfir Vírhús [3444-005]*

*Umhverfi / staðhættir*

Í grasvöxnum hól um 70 m austan við Vírrétina [3444-001].

*Athugasemd*

*Heimildir*

Helga Skúladóttir, 1939, bls. 133-134.
Ágústa Edwald, Jakob Orri Jónsson, Kristborg Þórsdóttir & Ragnheiður Gló Gylfadóttir, 2010, bls. 67-68.

| Almennar upplýsingar | | | |
|---|---|---|---|
| **Sýsla** | **Sveitarfélag** | **Heiti jarðar** | **Heiti jarðar 1847** |
| Rangárvallasýsla | Rangárþing ytra | Keldur | Tunga |

| Upplýsingar um skráningu | | | |
|---|---|---|---|
| **Skrásetjari** | **Dagsetning** | **Austur hnit ISN93** | **Norður hnit ISN93** |
| AR & KSR | 5.6.2025 | 445607 | 366825 |

| Upplýsingar um minjar | | | |
|---|---|---|---|
| ***Sérheiti*** | **Tegund** | **Hlutverk** | **Minjaheild** |
| Tunga | Tóft | Híbýli | Búsetuminjar |
| **Auðkenni** | **Tímabil** | | |
| 3444-006 | 1550-1900 | | |
| **Vegghæð** | **Veggjaþykkt** | | |
| 0 – 1,8 m | 1,2 m | | |
| **Ástand** | **Friðlýst** | | |
| Vel greinanlegar | Nei | | |
| **Horfin** | ***Hætta tilefni*** | | |
| Nei | **Vegna framkvæmda** | | |
| **Hætta viðvarandi** | **Hættuorsök** | | |
| Hætta | Vegna vatnsrofs | | |

*Ljósmynd / teikning*




*Mynd 13. Uppmæling af bæjarhúsum Tungu [3444-006].*

## *Lýsing*

Enn má sjá leifar síðasta torfbæjarins á Tungu og rýmisskiptingin á honum er nokkuð skýr. Skráð voru a.m.k. sjö hólf og mögulega er áttunda hólfið syðst á hólnum. Nyrsta hólfið er fjárhús og hlaða. Hlaðan er grafin inn í bæjarhólinn og er mesta veggjahæð hennar um 1,8 m. Það er garði í miðju fjárhúsinu sem skiptir því í tvær krær. Inngangur í fjárhúsið er í NV. Veggir fjárhússins eru grjóthlaðnir en ekki er víst hvort að torf hafi verið notað í veggina. Önnur hólf bæjarrústanna eru grasivaxin og líklega gerð úr bæði torfi og grjóti. Veggjahæð er frá 0,1 – 1 m og veggjabreiddin að jafnaði um 1,2 m. Hólfin á norður og austur hlið virðast öll hafa sér inngang á meðan hólfin á suðurhlið eru tengd með stuttum göngum.

Í skýrslu FSÍ frá 2010 var skráð 7 m langt garðlag sem gekk í suður að ánni og var sagt að hluti af því væri horfinn vegna rofs úr ánni. Mögulega er syðsta hólfið þetta garðlag en þá hefur meira horfið af því vegna rofs því það er einungis um 3m langt í dag.

## *Ljósmynd / teikning*



*Mynd 14. Horft í suður yfir bæjartóftir Tungu [3444-006].*

## *Umhverfi / staðhættir*

Bærinn hefur staðið á grasivöxnu svæði við bakka Eystri-Rangár um 730m vestan við mót Keldnalækjar og Eystri-Rangár.

## *Athugasemd*

## *Heimildir*

Helga Skúladóttir, 1939, bls. 135.
Ágústa Edwald, Jakob Orri Jónsson, Kristborg Þórsdóttir & Ragnheiður Gló Gylfadóttir, 2010, bls. 90-91.

| Almennar upplýsingar | | | |
|---|---|---|---|
| **Sýsla** | **Sveitarfélag** | **Heiti jarðar** | **Heiti jarðar 1847** |
| Rangárvallasýsla | Rangárþing ytra | Keldur | Tunga |

| Upplýsingar um skráningu | | | |
|---|---|---|---|
| **Skrásetjari** | **Dagsetning** | **Austur hnit ISN93** | **Norður hnit ISN93** |
| AR & KSR | 5.6.2025 | 445592 | 366825 |

| Upplýsingar um minjar | | | |
|---|---|---|---|
| ***Sérheiti*** | **Tegund** | **Hlutverk** | **Minjaheild** |
| | Jarðræktarsvæði | Matjurtagarður | Landbúnaðarminjar |
| **Auðkenni** | **Tímabil** | | |
| 3444-007 | 1550-1900 | | |
| **Vegghæð** | **Veggjaþykkt** | | |
| 0-0,3 m | 1,5 m | | |
| **Ástand** | **Friðlýst** | | |
| Vel greinanlegar | Nei | | |
| **Horfin** | ***Hætta tilefni*** | | |
| Nei | Vegna framkvæmda | | |
| **Hætta viðvarandi** | **Hættuorsök** | | |
| Engin hætta | | | |

***Ljósmynd / teikning***




*Mynd 15. Uppmæling af matjurtagarði [3444-007].*

## *Lýsing*

Í skýrslu FSÍ frá 2010 segir: „Vestan við bæjarhólinn er gerði eða kálgarður K sem er skráð með honum. Það er um 24x11 m að utanmáli en bæjarhóllinn er nýttur sem austurveggur að mestu leyti. Mesta hleðsluhæð í gerðinu er um 0,3 m og veggir eru um 1,5-2 m á breidd."

Þessi lýsing stendur enn.

## *Ljósmynd / teikning*



*Mynd 16. Horft í NA yfir matjurtagarð [3444-007].*

## *Umhverfi / staðhættir*

Fast vestan við bæjarhól Tungu [3444-006 & 027].

## *Athugasemd*

## *Heimildir*

Helga Skúladóttir, 1939, bls. 135.
Ágústa Edwald, Jakob Orri Jónsson, Kristborg Þórsdóttir & Ragnheiður Gló Gylfadóttir, 2010, bls. 90-91.

| *Almennar upplýsingar* | | | |
|---|---|---|---|
| **Sýsla** | **Sveitarfélag** | **Heiti jarðar** | **Heiti jarðar 1847** |
| Rangárvallasýsla | Rangárþing ytra | Keldur | Tunga |

| *Upplýsingar um skráningu* | | | |
|---|---|---|---|
| **Skrásetjari** | **Dagsetning** | **Austur hnit ISN93** | **Norður hnit ISN93** |
| AR & KSR | 5.6.2025 | 445563 | 366854 |

| *Upplýsingar um minjar* | | | |
|---|---|---|---|
| ***Sérheiti*** | **Tegund** | **Hlutverk** | **Minjaheild** |
| Tunguhús | Tóft | Fjárhús & hlaða | Landbúnaðarminjar |

| **Auðkenni** | **Tímabil** |
|---|---|
| 3444-008 | 1550-1900 |
| **Vegghæð** | **Veggjaþykkt** |
| 1,8 m | 1,5 m |
| **Ástand** | **Friðlýst** |
| Vel greinanlegar | Nei |
| **Horfin** | ***Hætta tilefni*** |
| Nei | Vegna framkvæmda |
| **Hætta viðvarandi** | **Hættuorsök** |
| Engin hætta | |

***Ljósmynd / teikning***




*Mynd 17. Uppmæling af Tunguhúsi [3444-008].*

*Lýsing*

Í skýrslu FSÍ frá 2010 segir: „Tóftin er 12 x 6 m og gerð úr torfi, grjóti, bárujárni og timbri. Hún snýr austur-vestur og er byggð inn í náttúrulegan hól sem notaður er fyrir norðurvegg. Tóftin er tvískipt. Hólf I er vestar, er 9x6 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Inngangur er á miðri vesturhlið, veggirnir eru 1 m á hæð og það sjást fjögur umför. Grjóthlaðinn garður liggur eftir endilöngu hólfinu og hlaðnar jötur við báða veggi. Líklega hefur verið innangengt í hólf II þó að það sé ekki skýrt. Þakhellur liggja ofan á veggjunum og inni í hólfi II. Bæði jata og garðar eru grasivaxin. Hólf II er austan við hólf I, er 6x3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Það er niðurgrafið, grunnflöturinn er um 1 m lægri en í hólfi 1. Veggirnir eru 1,8 m á hæð og sést í fjögur umför. Ekki er greinilegur inngangur í hólfið. Töluverð hrun, aðallega eru þakhellur inni í hólfinu."

Þessi lýsing stendur enn.

*Ljósmynd / teikning*



*Mynd 18. Horft í vestur yfir Tunguhús [3444-008].*

*Umhverfi / staðhættir*

Í grasivöxnum hól um 30 m NV við bæjartóftir Tungu [3444-006].

*Athugasemd*

*Heimildir*

Vigfús Guðmundsson, 1949, bls. 177.
Ágústa Edwald, Jakob Orri Jónsson, Kristborg Þórsdóttir & Ragnheiður Gló Gylfadóttir, 2010, bls. 94.

| *Almennar upplýsingar* | | | |
|---|---|---|---|
| **Sýsla** | **Sveitarfélag** | **Heiti jarðar** | **Heiti jarðar 1847** |
| Rangárvallasýsla | Rangárþing ytra | Keldur | Tunga |
| *Upplýsingar um skráningu* | | | |
| **Skrásetjari** | **Dagsetning** | **Austur hnit ISN93** | **Norður hnit ISN93** |
| AR & KSR | 5.6.2025 | 445548 | 366874 |
| *Upplýsingar um minjar* | | | |
| ***Sérheiti*** | **Tegund** | **Hlutverk** | **Minjaheild** |
| | Garðlag | Túngarður | Landbúnaðarminjar |

| **Auðkenni** | **Tímabil** |
|---|---|
| 3444-009 | 1550-1900 |
| **Vegghæð** | **Veggjaþykkt** |
| 0-0,5 m | 1 m |
| **Ástand** | **Friðlýst** |
| Vel greinanlegar | Nei |
| **Horfin** | ***Hætta tilefni*** |
| Nei | **Vegna framkvæmda** |
| **Hætta viðvarandi** | **Hættuorsök** |
| Engin hætta | |

*Ljósmynd / teikning*




*Mynd 19. Uppmæling af túngarði [3444-009].*

### *Lýsing*

Torfhlaðið garðlag sem liggur austur-vestur. Garðlagið er allt að 0,5 m hátt og að jafnaði um 1m breitt og um 115 m langt. Það er innan túngarðs [3444-010] og er mögulega hluti af eldra túngarðakerfi.

Í skýrslu FSÍ frá 2010 segir: „Garðlagið liggur úr suðaustri til suðvesturs. Suðausturendinn er um 35 m vestan við suðausturenda túngarðs 003. Við þann enda er dálítið rof í hólnum sem garðurinn liggur frá og sést þar í grjót í garðinum. Garðurinn endar í túninu við hólaröð sem tekur við í boga til vesturs. Garðlagið er um 85 m langt, það er 0,5-1 m á breidd og mesta hleðsluhæð er 0,5 m utanmáls. Hlutverk þessa garðlags er ekki ljóst en ef til vill er hann hluti af eldri túngarði eða vörslugarði innan túnsins."

Garðlagið var skráð um 30 m lengra en það var árið 2010.

### *Ljósmynd / teikning*



*Mynd 20. Horft austur yfir túngarð [3444-009].*

### *Umhverfi / staðhættir*

Miðja garðlagsins er um 37 m norðan við bæjartóftir Tungu [3444-006].

### *Athugasemd*

### *Heimildir*

Ágústa Edwald, Jakob Orri Jónsson, Kristborg Þórsdóttir & Ragnheiður Gló Gylfadóttir, 2010, bls. 93-94.

| Almennar upplýsingar | | | |
|---|---|---|---|
| **Sýsla** | **Sveitarfélag** | **Heiti jarðar** | **Heiti jarðar 1847** |
| Rangárvallasýsla | Rangárþing ytra | Keldur | Tunga |
| *Upplýsingar um skráningu* | | | |
| **Skrásetjari** | **Dagsetning** | **Austur hnit ISN93** | **Norður hnit ISN93** |
| AR & KSR | 5.6.2025 | 445547 | 366918 |
| *Upplýsingar um minjar* | | | |
| ***Sérheiti*** | **Tegund** | **Hlutverk** | **Minjaheild** |
| | Garðlag | Túngarður | Landbúnaðarminjar |
| **Auðkenni** | **Tímabil** | | |
| 3444-010 | 1550-1900 | | |
| **Vegghæð** | **Veggjaþykkt** | | |
| 0 – 0,7 m | 1 – 2 m | | |
| **Ástand** | **Friðlýst** | | |
| Vel greinanlegar | Nei | | |
| **Horfin** | ***Hætta tilefni*** | | |
| Nei | Vegna framkvæmda | | |
| **Hætta viðvarandi** | **Hættuorsök** | | |
| Engin hætta | | | |

*Ljósmynd / teikning*




*Mynd 21. Uppmæling af túngarði [3444-010].*

*Lýsing*

Túngarður hlaðinn úr torfi. Garðurinn umlykur bæjarstæði Tungu að mestu og er samtals um 390 m langur. Hleðsluhæðin er mest um 0,7 m en er að jafnaði um 0,2 m. Veggjaþykktin er frá 1 – 2 m. Tvennar tóftir eru áfastar garðinum, [3444-011] og [3444-012]. Garðlagið er rofið af vegslóða sem liggur þvert yfir bæjarstæðið.
Í grein Helgu Skúladóttur frá 1939 var sagt að túngarðurinn hafi verið hlaðinn á árunum 1836-39.

*Ljósmynd / teikning*



*Mynd 22. Horft austur eftir túngarði [3444-010].*

*Umhverfi / staðhættir*

Túngarðurinn umlykur meirihluta heimatúns Tungu. Austur endi hans er við eldri túngarð [3444-009] og vestur endi hans er við slóða sem liggur yfir bæjarstæðið.

*Athugasemd*

*Heimildir*

Helga Skúladóttir, 1939, bls. 135.
Ágústa Edwald, Jakob Orri Jónsson, Kristborg Þórsdóttir & Ragnheiður Gló Gylfadóttir, 2010, bls. 91-92.

**Almennar upplýsingar**

| Sýsla | Sveitarfélag | Heiti jarðar | Heiti jarðar 1847 |
|---|---|---|---|
| Rangárvallasýsla | Rangárþing ytra | Keldur | Tunga |

**Upplýsingar um skráningu**

| Skrásetjari | Dagsetning | Austur hnit ISN93 | Norður hnit ISN93 |
|---|---|---|---|
| AR & KSR | 5.6.2025 | 445540 | 366920 |

**Upplýsingar um minjar**

| *Sérheiti* | Tegund | Hlutverk | Minjaheild |
|---|---|---|---|
| | Tóft | Óþekkt | Landbúnaðarminjar |

| Auðkenni | Tímabil |
|---|---|
| 3444-011 | 1550-1900 |

| Vegghæð | Veggjaþykkt |
|---|---|
| 0 – 0,3 m | 1 m |

| Ástand | Friðlýst |
|---|---|
| Vel greinanlegar | Nei |

| Horfin | *Hætta tilefni* |
|---|---|
| Nei | Engin hætta |

| Hætta viðvarandi | Hættuorsök |
|---|---|
| Engin hætta | |

*Ljósmynd / teikning*




*Mynd 23. Uppmæling af tóft [3444 -011].*

**Lýsing**

Grasi gróin tóft með óþekkt hlutverk sem er svo gott sem áföst túngarði [3444-010]. Tóftin er með tvö hólf og virðist vera innangengt í þau bæði á norðaustur hlið. Veggjahæð er um 0,3 m og veggjaþykkt er um 1 m að jafnaði.

Í skýrslu FSÍ frá 2010 segir: „Tóftin er 7x6 m að stærð og snýr norður suður. Svo virðist sem op sé úr syðra hólfinu í suðvesturhorni en ekki er ljóst hvar gengið hefur verið í nyrðra hólfið. Syðra hólfið er 1x1m að innanmáli og nyrðra hólfið er 2x1 m, snýr austur vestur."

*Ljósmynd / teikning*



*Mynd 24. Horft í norður yfir tóft [3444-011].*

*Umhverfi / staðhættir*

Tóftin er áföst túngarði [3444-010] og er um 60 m norðan við Tunguhús [3444-008].

*Athugasemd*

*Heimildir*

Ágústa Edwald, Jakob Orri Jónsson, Kristborg Þórsdóttir & Ragnheiður Gló Gylfadóttir, 2010, bls. 91-92.

| Almennar upplýsingar | | | |
|---|---|---|---|
| Sýsla | Sveitarfélag | Heiti jarðar | Heiti jarðar 1847 |
| Rangárvallasýsla | Rangárþing ytra | Keldur | Tunga |
| **Upplýsingar um skráningu** | | | |
| Skrásetjari | Dagsetning | Austur hnit ISN93 | Norður hnit ISN93 |
| AR & KSR | 5.6.2025 | 445465 | 366850 |
| **Upplýsingar um minjar** | | | |
| *Sérheiti* | Tegund | Hlutverk | Minjaheild |
| | Tóft | Óþekkt | Landbúnaðarminjar |
| Auðkenni | Tímabil | *Ljósmynd / teikning* | |
| 3444-012 | 1550-1900 | | |
| Vegghæð | Veggjaþykkt | | |
| 0 – 0,1 m | 2 m | | |
| Ástand | Friðlýst | | |
| Greinanlegar | Nei | | |
| Horfin | *Hætta tilefni* | | |
| Nei | Engin hætta | | |
| Hætta viðvarandi | Hættuorsök | | |
| Engin hætta | | | |



*Mynd 25. Uppmæling af tóft [3444-012].*

*Lýsing*

Grasigróin og töluvert sigin tóft sem er áföst túngarði [3444-010], mögulega er inngangur í hana á suðurhlið en þar byrjar túngarður [3444-014]. Tóftin er um 8x6 m að utanmáli. Mögulega er um lítið gerði að ræða sem hefur staðið út úr garðinum. Veggjahæð er 0 – 0,1 m og veggjabreidd að jafnaði um 2 m.

*Ljósmynd / teikning*


*Mynd 26. Horft norður yfir tóft [3444-012].*

*Umhverfi / staðhættir*

Tóftin er áföst túngarði [3444-010] og er um 40 m norðan við vestur enda hans.

*Athugasemd*

Tóftin var ekki inni í fyrri skráningu FSÍ.

*Heimildir*

| Almennar upplýsingar | | | |
|---|---|---|---|
| Sýsla | Sveitarfélag | Heiti jarðar | Heiti jarðar 1847 |
| Rangárvallasýsla | Rangárþing ytra | Keldur | Tunga |

| Upplýsingar um skráningu | | | |
|---|---|---|---|
| Skrásetjari | Dagsetning | Austur hnit ISN93 | Norður hnit ISN93 |
| AR & KSR | 5.6.2025 | 445462 | 366841 |

| Upplýsingar um minjar | | | |
|---|---|---|---|
| *Sérheiti* | Tegund | Hlutverk | Minjaheild |
| | Tóft | Óþekkt | Landbúnaðarminjar |
| Auðkenni | Tímabil | *Ljósmynd / teikning* | |
| 3444-013 | 1550-1900 | | |
| Vegghæð | Veggjaþykkt | | |
| 0 – 0,1 m | 1 m | | |
| Ástand | Friðlýst | | |
| Vel greinanlegar | Nei | | |
| Horfin | *Hætta tilefni* | | |
| Nei | Engin hætta | | |
| Hætta viðvarandi | Hættuorsök | | |
| Engin hætta | | | |




*Mynd 27. Uppmæling af tóft [3444-013].*

## *Lýsing*

Grasigróin tóft með mögulegum inngangi á austurhlið. Tóftin er töluvert sigin en mesta vegghæð hennar er um 0,1 m og þykktin að jafnaði um 1 m. Tóftin er um 4x5 m að utanmáli. Hún er staðsett þar sem túngarðar [3444-010] og [3444-014] mætast og mynda nokkurskonar kró.

## *Ljósmynd / teikning*



*Mynd 28. Horft vestur yfir tóft [3444-013].*

## *Umhverfi / staðhættir*

Tóftin er á grasivöxnu svæði um 3,5 m sunnan við tóft [3444-012].

## *Athugasemd*

Tóftin var ekki í fyrri skráningu FSÍ.

## *Heimildir*

*Almennar upplýsingar*

| Sýsla | Sveitarfélag | Heiti jarðar | Heiti jarðar 1847 |
|---|---|---|---|
| Rangárvallasýsla | Rangárþing ytra | Keldur | Tunga |

*Upplýsingar um skráningu*

| Skrásetjari | Dagsetning | Austur hnit ISN93 | Norður hnit ISN93 |
|---|---|---|---|
| AR & KSR | 5.6.2025 | 445454 | 366841 |

*Upplýsingar um minjar*

| *Sérheiti* | Tegund | Hlutverk | Minjaheild |
|---|---|---|---|
| | Garðlag | Túngarður | Landbúnaðarminjar |

| | |
|---|---|
| Auðkenni | 3444-014 |
| Tímabil | 1550-1900 |
| Vegghæð | 0 – 1 m |
| Veggjaþykkt | 1 m |
| Ástand | Vel greinanlegar |
| Friðlýst | Nei |
| Horfin | Nei |
| *Hætta tilefni* | **Vegna framkvæmda** |
| Hætta viðvarandi | Engin hætta |
| Hættuorsök | , |

*Ljósmynd / teikning*




*Mynd 29. Uppmæling af túngarði [3444-014].*

*Lýsing*

Túngarður hlaðinn úr torfi, í raun framhald af túngarði [3444-010] en var skráður sér vegna þess að hann heldur áfram í suður, örlítið vestar en endi [3444-010]. Þessi hluti garðsins er um 300 m langur og er rofinn nokkurnveginn fyrir miðju af vegslóða. Veggjahæðin er allt að 1 m en er að jafnaði um 0,2 m og þykktin er um 1 m.

Í grein Helgu Skúladóttur frá 1939 var sagt að túngarðurinn hafi verið hlaðinn á árunum 1836-39.

*Ljósmynd / teikning*



*Mynd 30. Horft suður eftir túngarði [3444-014].*

*Umhverfi / staðhættir*

Á vesturhlið heimatúns Tungu.

*Athugasemd*

Sama og túngarður [3444-010].

*Heimildir*

Helga Skúladóttir, 1939, bls. 135.

Ágústa Edwald, Jakob Orri Jónsson, Kristborg Þórsdóttir & Ragnheiður Gló Gylfadóttir, 2010, bls. 91-92.

*Almennar upplýsingar*

| Sýsla | Sveitarfélag | Heiti jarðar | Heiti jarðar 1847 |
|---|---|---|---|
| Rangárvallasýsla | Rangárþing ytra | Keldur | Tunga |

*Upplýsingar um skráningu*

| Skrásetjari | Dagsetning | Austur hnit ISN93 | Norður hnit ISN93 |
|---|---|---|---|
| AR & KSR | 5.6.2025 | 445518 | 366781 |

*Upplýsingar um minjar*

| *Sérheiti* | Tegund | Hlutverk | Minjaheild |
|---|---|---|---|
| | Tóft | Útihús | Landbúnaðarminjar |

| Auðkenni | Tímabil |
|---|---|
| 3444-015 | 1550-1900 |
| **Vegghæð** | **Veggjaþykkt** |
| 0,1 – 0,4 m | 1 m |
| **Ástand** | **Friðlýst** |
| Vel greinanlegar | Nei |
| **Horfin** | ***Hætta tilefni*** |
| Nei | Engin hætta |
| **Hætta viðvarandi** | **Hættuorsök** |
| Engin hætta | |

*Ljósmynd / teikning*




*Mynd 31. Uppmæling af útihús [3444-015].*

*Lýsing*

Grasivaxin útihúsatóft með mögulegum inngangi á suðurhlið, tóftin er um 3x3 m að utanmáli og veggjahæð er frá 0,1 – 0,4 m og veggjaþykktin er að jafnaði um 1 m.
Í skýrslu FSÍ frá 2010 segir: „Tóftin er 3x3 m að stærð, einföld og veggirnir eru 0,4 m á hæð og mosavaxnir. Hvergi sjást skýrar hleðslur né grjót í þeim. Ekki sést móta fyrir skýrum inngangi en hann hefur líklega verið á norðurhlið [Hér var líklega átt við suðurhlið þar sem teikningin í skýrslu FSÍ sýnir það]. Tóftin er í suðvesturhlíð náttúrulegs hóls. Ekki er ljóst hvaða hlutverki tóftin gegndi, gæti hafa verið geymsla, kartöflukofi, heystæði o.s.frv. Hún er niðurgrafin að hluta."

*Ljósmynd / teikning*



*Mynd 32. Horft í NA yfir útihús [3444-015].*

*Umhverfi / staðhættir*

Á grasivöxnu og hólóttu svæði um 70 m VSV við SV horn matjurtagarðs [3444-007].

*Athugasemd*

*Heimildir*

Ágústa Edwald, Jakob Orri Jónsson, Kristborg Þórsdóttir & Ragnheiður Gló Gylfadóttir, 2010, bls. 95.

| *Almennar upplýsingar* | | | |
|---|---|---|---|
| **Sýsla** | **Sveitarfélag** | **Heiti jarðar** | **Heiti jarðar 1847** |
| Rangárvallasýsla | Rangárþing ytra | Keldur | Tunga |

| *Upplýsingar um skráningu* | | | |
|---|---|---|---|
| **Skrásetjari** | **Dagsetning** | **Austur hnit ISN93** | **Norður hnit ISN93** |
| AR & KSR | 5.6.2025 | 445536 | 366798 |

| *Upplýsingar um minjar* | | | |
|---|---|---|---|
| ***Sérheiti*** | **Tegund** | **Hlutverk** | **Minjaheild** |
| | Tóft | Fjárskýli | Landbúnaðarminjar |

| **Auðkenni** | **Tímabil** |
|---|---|
| 3444-016 | 1550-1900 |
| **Vegghæð** | **Veggjaþykkt** |
| 0 – 0,6 m | 3 m |
| **Ástand** | **Friðlýst** |
| Vel greinanlegar | Nei |
| **Horfin** | ***Hætta tilefni*** |
| Nei | **Vegna framkvæmda** |
| **Hætta viðvarandi** | **Hættuorsök** |
| Engin hætta | |

***Ljósmynd / teikning***




*Mynd 33. Uppmæling af fjárskýli [3444-016].*

### *Lýsing*

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenzka fornleifafélags frá 1937-1939 segir: „Fjárhringur gamall er fyrir vestan bæinn; hann var innan garðs, er túngarðurinn var hlaðinn 1836-39 af Höskuldi Einarssyni, bónda þar.“

Lágar grasivaxnar hleðslur ofan á smá hól mynda laut á miðjum hólnum. Fjárhringurinn virkar eldri en nýrri minjar á svæðinu. Veggjahæðin er frá 0,2 – 0,6 m og veggjaþykktin að jafnaði um 1 m. Mögulegt er að hringurinn sé eldri en byggð á Tungu og er þá frá Keldum, gæti hann þá verið töluvert gamall.

### *Ljósmynd / teikning*



*Mynd 34. Horft í suður yfir fjárskýli [3444-016].*

### *Umhverfi / staðhættir*

Um 40 m vestan við matjurtagarð [3444-007].

### *Athugasemd*

### *Heimildir*

Helga Skúladóttir, 1939, bls. 135.
Ágústa Edwald, Jakob Orri Jónsson, Kristborg Þórsdóttir & Ragnheiður Gló Gylfadóttir, 2010, bls. 91.

| *Almennar upplýsingar* | | | |
|---|---|---|---|
| **Sýsla** | **Sveitarfélag** | **Heiti jarðar** | **Heiti jarðar 1847** |
| Rangárvallasýsla | Rangárþing ytra | Keldur | Tunga |
| ***Upplýsingar um skráningu*** | | | |
| **Skrásetjari** | **Dagsetning** | **Austur hnit ISN93** | **Norður hnit ISN93** |
| AR & KSR | 5.6.2025 | 445417 | 366679 |
| ***Upplýsingar um minjar*** | | | |
| ***Sérheiti*** | **Tegund** | **Hlutverk** | **Minjaheild** |
| | Tóft | Útihús | Landbúnaðarminjar |

| **Auðkenni** | **Tímabil** |
|---|---|
| 3444-017 | 1550-1900 |
| **Vegghæð** | **Veggjaþykkt** |
| 0,1 – 0,3 m | 1 m |
| **Ástand** | **Friðlýst** |
| Vel greinanlegar | Nei |
| **Horfin** | ***Hætta tilefni*** |
| Nei | Engin hætta |
